

117. fundur

Reykjavík 30. ágúst 2023

2009621SA

Málalykill: 16.33

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga og  
Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 30. ágúst 2023.

Fulltrúar LSS var: Bjarni Ingimarsson, Ásgeir Þórisson og Guðmundur Þór Jónsson.

Fulltrúar SNS voru: Inga Rún Ólafsdóttir, Rakel Guðmundsdóttir og Ellisif Tinna Víðisdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál var tekið fyrir:

**1. 4% persónuálag vegna bráðatæknináms.**

Með vísan til ákvörðun samstarfsnefndar í fundargerð 114. fundar frá 25. nóvember 2022 hefur samstarfsnefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar starfsmaður hefur lokið bráðatækninámi og fengið útgefið starfsleyfi sem slíkur og sveitarfélag hefur ráðið hann í almennt starf sem raðast lægra en starf bráðatæknis skal meta námið til 4% persónuálags skv. ákvæðum 10. kafla kjarasamningsins enda verði námið talið nýtast í starfi viðkomandi.

Þessi ákvörðun gildir frá 1. október 2023.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.